# Brothættar byggðir

Málþing á Raufarhöfn 5. október 2023 í tilefni af því að rúm tíu ár eru liðin frá því að verkefnið hóf göngu sína.



Mynd: Stöðvarfjörður

**Hvar verður þú fimmtudaginn 5. október næstkomandi?**

- Vonandi sjáum við þig á afmælismálþingi byggðaþróunarverkefnisins Brothættar byggðir sem haldið verður á Raufarhöfn.

**Byggðaþróunarverkefnið Brothættar byggðir – hvað er nú það?**

- Eitt af verkfærum Byggðastofnunar til að stuðla að blómlegri byggð um land allt.
- Verkefnið hófst á Raufarhöfn fyrir um áratug. Alls hafa 14 byggðarlög tekið þátt í verkefninu Brothættum byggðum frá upphafi. Verkefnið varir að jafnaði í 4-5 ár í hverju byggðarlagi. Nú eru fimm virk þátttökubyggðarlög undir merkjum verkefnisins og verið að ljúka umsýslu verkefna í tveimur til viðbótar.

**Hvaða dagskrá verður í boði á afmælismálþinginu?**

- Dagskráin verður fjölbreytt og stendur frá kl. 10:30-16:20 – sjá blaðsíðu 5
- Þú þarft að skrá þig hér, ekkert þátttökugjald
- Léttur hádegisverður í boði Byggðastofnunar auk kaffiveitinga



Mynd: Raufarhöfn

**Hvaða árangri hefur verkefnið Brothættar byggðir náð? Hver er staðan? Hvers má vænta? Hvaða áhrif hefur verkefnið Brothættar byggðir haft í þeim byggðarlögum sem hafa tekið þátt?**

- Þessum spurningum og fleirum verður reynt að svara á afmælismálþingi Brothættra byggða. KPMG vinnur að áhrifamati á verkefninu í tilefni þeirra tímamóta að rúmur áratugur er liðinn síðan verkefnið hóf göngu sína. Niðurstöðurnar verða kynntar á málþinginu.
- Þú færð líka að heyra frá þátttakendum/hagsmunaaðilum í byggðarlögunum s.s. íbúum, styrkþegum, fulltrúum úr verkefnisstjórnum og fleirum um hver þeirra upplifun af þátttöku í verkefninu er.

**Hvaðan koma fjármunir í verkefnið?**

- Verkefnið er fjármagnað af lið byggðaáætlunar í fjárlögum hvers árs, á þessu ári 120 milljónir.




Mynd: Íbúafundur í Strandabyggð

**Viltu vita meira? Kynna þér málin betur?**

- Kíktu endilega á nýjustu [ársskýrslu] Brothættra byggða 2022
- Skoðaðu upplýsingar um [þátttökubyggðarlög] Brothættra byggða
- Sjáðu hvaða frumkvæðisverkefni hafa hlotið [styrki] frá upphafi
- Skoðaðu [verkefnislýsingu] Brothættra byggða




Mynd: Í Verzlunarfjelagi Árneshrepps

# Málþing í félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn 5. október 2023

**Dagskrá málþingsins:**

Kl. 10:30 - 10:35 Málþing sett
Kl. 10:35 - 10:50 Ávarp
Kl. 10:50 - 11:00 Hvernig varð verkefnið Brothættar byggðir (Bb) til?
Kl. 11:00 - 11:30 Brothættar byggðir – verkefnið í hnotskurn
Kl. 11:30 - 11:40 Framkvæmd íbúaþinga – samtalið við íbúa
Kl. 11:40 - 12:00 Verkefnisstjórar í Bb – límið í hverju byggðarlagi
Kl. 12:00 - 12:50 Hádegisverður
Kl. 12:50 - 13:00 Tónlistaratriði

Kl. 13:00 - 13:20 Samstarf hagaðila í Bb
Kl. 13:20 - 13:40 Mikilvægi styrkja úr Frumkvæðissjóði Bb - sýn styrkþega
Kl. 13:40 - 14:15 Áhrifamat Brothættra byggða – niðurstöður úttektar KPMG
Kl. 14:15 - 14:40 Byggðaþróunarverkefni og stuðningur framtíðar - hver verður þörfin fyrir Bb?
Kl. 14:40 - 15:00 Kaffi og spjall
Kl. 15:00 - 15:30 Samtal um Brothættar byggðir
Kl. 15:30 - 15:35 Slit afmælismálþings
Kl. 15:35 - 16:20 Vettvangsheimsóknir

# Hlökkum til að sjá þig á Raufarhöfn



Mynd: Íbúafundur í Dalabyggð